

# LAGNING HEITAVATNSPÍPU FRÁ REYKJUM Í HÚNAVATNSHREPPI UM BLÖNDUÓS, SKAGABYGGÐ AÐ SKAGASTRÖND

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu RARIK við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagningu heitavatnspípu frá frá núverandi virkjunarsvæði RARIK á Reykjum í Húnavatnshreppi um Blönduós til Skagastrandar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdir við heitavatnspípu og dreifikerfi eru háðar framkvæmdaleyfi Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Þá er bygging stjórnhúss og dælustöðva háð byggingarleyfi sömu aðila skv. lögum um mannvirki nr. 160 /2010. Leyfi Fiskistofu þarf vegna framkvæmda í og við veiðiár skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og og silungsveiði. Þá þarf leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins skv. reglugerðum í tengslum við meðhöndlun og förgun asbests nr. 430/2007 og 705/2009.

Fyrir liggur staðfest Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010-2022 og staðfest Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030. Þá liggja fyrir samþykktar Aðalskipulagsáætlanir Blönduósbæjar 2010-2030 og Húnavatnshrepps 2010-2030 sem bíða staðfestingar umhverfisráðherra. Framkvæmdirnar eru í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar og er unnt að gefa út framkvæmdaleyfi/byggingarleyfi á grundvelli þess, ef þar er nægjanlega vel gerð grein fyrir framkvæmdinni í aðalskipulaginu, ef ekki þarf að sækja um meðmæli á grundvelli 1. tl.. Áður en framkvæmdaleyfi eru veitt fyrir heitavatnspípunni í Skagabyggð þarf að gera breytingu á Aðalskipulagi Skagabyggðar vegna legu heitavatsæðar yfir Laxá í Refasveit. Unnt er að sækja um meðmæli með útgáfu framkvæmdaleyfis/byggingarleyfis á grundvelli 1. töluliðar ákvæða til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010 vegna framkvæmda í Húnavatnshreppi og Blönduósbæ utan þéttbýlis. Innan þéttbýlis getur þurft að gera nýtt deiliskipulag eða grenndarkynna framkvæmdaleyfisumsóknina. Gæta þarf þess að ef lögnin liggur í gegnum svæði þar sem í gildi er deiliskipulag getur þurft að breyta því.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að RARIK og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 4. maí 2012.

## INNGANGUR

Þann 28. febrúar 2012 barst tilkynning til Skipulagsstofnunar frá RARIK um fyrirhugaða lagningu heitavatnspípu frá Reykjum í Húnavatnshreppi um Blönduós og Skagabyggð að Skagaströnd samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Húnavatnshreppi með bréfi dags. 9. mars 2012, Blönduósbæ með bréfi dags. 8. mars 2012, Skagabyggð með bréfi dags. 15. mars 2012, Sveitarfélaginu Skagaströnd með bréfi dags. 9. mars 2012, Fiskistofu með bréfi dags. 6. mars 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. mars 2012, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvubrési dags. 22. mars 2012, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. mars 2012 og Vegagerðinni með bréfi dags. 14. mars 2012. Frekari upplýsingar bárust frá RARIK með tölvubréfum dags. 16., og 12. og 29. mars 2012.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða lagningu um 35 km langrar heitavatnspípu frá núverandi virkjunarsvæði RARIK á Reykjum í Húnavatnshreppi um Blönduós til Skagastrandar, byggingu stjórnhúss og tveggja dælustöðva auk lagningar alls um 13 km dreifikerfis bæði í þéttbýli á Skagaströnd og í dreifbýli í Skagabyggð. Tilgangur með framkvæmdunum er annars vegar að tryggja íbúum á Blönduósi áframhaldandi afhendingaröryggi á heitu vatni og hins vegar að hitaveituvæða Skagaströnd og bæi meðfram pípunni á milli Skagastrandar og Blönduóss.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguðum framkvæmdum við lagningu pípunnar verði áfangaskipt. Í fyrsta áfanga verði lögð ný heitavatnspípa frá Reykjum að um 40 m<sup>2</sup> og 130 m<sup>3</sup> stjórnhúsi sem reist verði í námunda við vestari enda Blöndubrúar á Blönduósi en sú pípa komi í stað núverandi asbestpípu sem verði aflögð. Áætlað er hefja framkvæmdir á árinu 2012. Pípan verði niðurgráfin, foreinangruð stálpípa samtals 13,6 km löng og verði hún lögð í 10-25 m fjarlægð frá núverandi pípu um svæði sem þegar hafi verið raskað. Fram kemur að skurðbreidd verði 0,6-1,0 m og skurðdýpi 0,8 - 1,2 m. Fram kemur að athafnasvæði við skurðargerð og samsetningu pípunnar verði um 15 metrar og verði skurðgrefti hagað þannig að jarðrask verði sem minnst. Ekki verði lagður varanlegur vegslóði þar sem athafnasvæðið sé aðgengilegt frá heimreiðum bæja um tún en á stöku stað verði túnskurðir brúaðir með ræsum.

Fram kemur að í seinni áfanga, sem fyrirhugaður er á árinu 2013, verði lögð heitavatnspípa frá stjórnhúsinu á Blönduósi í nýja um 25 m<sup>2</sup> og 80 m<sup>3</sup> dælustöð, sem áætlað sé að byggja á syðri mörkum þéttbýlisins á Skagaströnd Skagaströnd, með viðkomu í nýrri, um 25 m<sup>2</sup> og 80 m<sup>3</sup> dælustöð við Laxá á Refasveit. Pípan verði niðurgráfin, foreinangruð stálpípa, samtals 20,4 km að lengd og sé skurðbreidd áætluð 0,6 m og skurðdýpi 0,8-1,2 m. Fram kemur að á þessum kafla muni heitavatnspípan að stórum hluta liggja meðfram Skagastrandarvegi og Neðribyggðavegi og á allstórum hluta um þegar raskað svæði, svo sem í vegkanti eða þar sem skurðir hafi verið grafnir.

Fram kemur að lagt verði alls um 2,5 km langt dreifikerfi frá heitavatnspípunni sem eigi að þjóna 18 húsum í dreifbýli á milli Blönduóss og Skagastrandar. Gert sé ráð fyrir plastpípum sem verði plægðar niður. Ennfremur verði lagt um 10 km langt dreifikerfi í þéttbýlinu á Skagaströnd sem eigi að þjóna um 230 húsum og muni kerfið samanstanda af niðurgröfnum plastpípum. Fram kemur að ekki liggi fyrir hversu mikið magn af sandi og möl þurfi að nota undir heitavatnspípuna en nægilegt efni sé fyrirbyggjandi á lager austan við urðunarstaðinn Stekkjarvík.

**Áhrif á landslag og jarðmyndanir.** Fram kemur að frágangur í verklok miði að því að pípulögnin verði lítt sjáanleg. Á áhrifasvæði framkvæmdanna sé ekki að finna jarðfræðiminjar með sérstakt verndargildi og því muni áhrif á jarðmyndanir svæðisins verða í lágmarki.

**Áhrif á gróður og fugla.** Fram kemur að heitavatnspípan muni liggja um ræktað land, graslendi, mólendi og deiglendi en á áhrifasvæði framkvæmdarinnar sé ekki að finna sjaldgæf eða verðmæt gróðurlendi. Fram kemur að alls hafi sést um 15 fuglategundir á svæðinu milli Reykja og Blönduóss og sé um að ræða algengar tegundir á landsvísu sem njóti ekki sérstakrar verndar. Milli Blönduóss og Skagastrandar hafi sést 19 tegundir fugla þar af þrjár tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands; grágæs, hrafn og straumönd. Nokkuð rót fylgi framkvæmdum við lagningu pípanna en ekki sé gert ráð fyrir að stór búsvæði tapist til lengdar við framkvæmdina og áhrif á fuglalíf svæðisins verði því í lágmarki.

**Áhrif á vatnafar og vatnalíf.** Fram kemur að nýr hluti heitavatnspípunnar muni liggja yfir Laxá á Refasveit, Ytrieyjará og Syðrieýjará, Hafurstaðaá, Hallá og Hrafná. Þar sem heitavatnspípan verði grafin í jörð muni lagning hennar óhjákvæmilega raska botni flestra ána á meðan á framkvæmdum standi og valda því að fínt efni rötist upp með hugsanlegum neikvæðum áhrifum á fiska og annað lífríki ána auk þess að geta truflað veiði. Fram kemur að í Laxá í Refasveit hafi ekki fundist seiði við rafveiðar á tveimur stöðum hjá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þó sé ekki loku fyrir það skotið að hrygning eða uppeldi seiða eigi sér stað í þessum hluta árinna. Laxá á Refasveit sé viðkvæm veiðiá með takmarkaða laxaframleiðslu og því nauðsynlegt að farið sé með mikilli gát við framkvæmdir. Fram kemur að pípan muni þvera Hallá í veghelgunarstæði Vegagerðarinnar og liggja þar ofan á ræsi og megi því ætla að hún hafi lítil áhrif á lífríki árinna. Álitlegt svæði til uppvaxtar seiða sé á köflum í ánni rétt neðan við fyrirhugaðan framkvæmdastað og því áriðandi að ekki berist mikið efni og grugg í ána við framkvæmdir. Líkur séu á að ef allrar varúðar sé gætt við fyrirhugaðar þveranir muni framkvæmdirnar hafa einungis minniháttar staðbundin áhrif á viðkomandi vatnsföll og mest á meðan á framkvæmdum standi. Fram kemur að núverandi heitavatnspípa frá Reykjum til Blönduóss þveri Laxá á Ásum. Við endurnýjun pípunnar verði ekki lögð ný pípa yfir ána, heldur verði fyrirbyggjandi pípa nýtt í verkið.

**Áhrif á menningarmínjar.** Fram kemur að fornminjar hafi verið kannaðar á framkvæmdasvæðinu og í kjölfarið hafi legu pípunnar verið hnikað til eftir föngum og tillit tekið til þeirra fornminja sem skráðar séu. Ekki sé talið að lagning heitavatnspípunnar muni hafa áhrif á fornminjar nema á garðlag vestan Skagavegar, vestur af bæ á Eyjarkoti.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er bent á nauðsyn þess að gætt verði fyllstu varúðar þegar grafið verður fyrir pípunni nærri gamla bæjarhólnum í Holti auk þess sem undirstrikað er

mikilvægi þess að að samráð verði haft við minjavörð Norðurlands vestra við áframhaldandi undirbúning verksins og framkvæmd þess. M.a. sé nauðsynlegt að gera minjaverðinum viðvart áður en framkvæmdir hefjist í nágrenni bæjarhólsins í Holti og við garðslag (32) vestan Skagavegar, vestur af bæ á Eyjarkoti, svo að honum gefist kostur á að fylgjast með framkvæmdum þar.

Í svörum RARIK kemur fram að farið verði eftir tilmælum Fornleifaverndar ríkisins.

Í umsögnum Húnavatnshrepps og Umhverfisstofnunar er bent á mikilvægi þess að Umhverfisstofnun geri úttekt á verkinu þannig að frágangur verði eins og lagt sé upp með.

Í svörum RARIK er staðfest að leitað verði eftir samstarfi við stofnunina um úttekt á frágangi í verklok.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er óskað eftir upplýsingum um hvað verði gert við asbestlögnina sem verið sé að leggja af á milli Reykja og Blönduóss.

Í svörum RARIK kemur fram að asbest sé náttúrulegt steinefni sem sé að finna víða í umhverfinu. Það hafi verið notað við ýmsan iðnað og séu asbestvörur í góðu ásigkomulagi öruggar. Vandamál geti hins vegar komið upp þegar asbestvörur skemmist eða átt sé við þær og þannig að hætta sé á að asbestagnir dreifist út í umhverfið þar sem of mikið magn þeirra geti valdið sjúkdómum. Almennt sé talið best að láta asbest í friði, ekki síst þegar það sé neðanjarðar, en hafa gát á að ekki sé verið að hreyfa við því með framkvæmdum. Fram kemur að RARIK muni hafa samráð við Umhverfisstofnun vegna gömlu pípunnar frá Reykjum til Blönduóss um hvaða leiðir séu æskilegastar við meðhöndlun hennar. Eins og fram komi í umsögn umhverfisfulltrúa Umhverfisstofnunar þurfi að kanna hvort besti kosturinn sé að láta lögnina liggja þar sem hún sé þar til betri leiðir verði þróaðar til að fjarlægja asbestið á öruggan hátt.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 35 km langrar heitavatnspípu frá núverandi virkjunarsvæði RARIK á Reykjum í Húnavatnshreppi um Blönduós til Skagastrandar, byggingu stjórnhúss og tveggja dælustöðva auk lagningar alls um 13 km dreifikerfis, bæði í þéttbýli á Skagaströnd og í dreifbýli í Skagabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda gætu orðið við þveranir nokkurra áa og þá einkum Laxár í Refasveit og Hallár. Botni ána verður raskað sem leiðir til gruggmyndunar sem getur haft neikvæð áhrif á fiska. Mjög mikilvægt er að standa að þverunum á þann veg að sem allra minnst rask verði og að upprót og gruggmyndun í ánum verði í lágmarki auk þess sem leggja þarf áherslu á að sem minnstur hluti árfarvegar Laxár í Refasveit fari á þurrt við þverunarframkvæmdir. Skipulagsstofnun vekur athygli á að í úttekt Veiðimálastofnunar, sem er fylgiskjal með greinargerð RARIK, kemur fram að framkvæmdir við Laxá í Refasveit ættu ekki að fara fram á veiðitíma, göngutíma eða á hrygningartímabili, þ.e. frá 1. júní til 30. september. Skipulagsstofnun telur að til þess að draga sem mest úr líkum á neikvæðum áhrifum á lífríki, sérstaklega Laxár í Refasveit, sem er viðkvæm veiðiá með takmarkaða laxaframleiðslu eigi RARIK að fara eftir þessari ábendingu Veiðimálastofnunar og halda framkvæmdum utan fyrrnefnds tímabils frá 1. júní til 30. september. Stofnunin tekur að öðru leyti undir mikilvægi þess að öllu raski og gruggmyndun verði haldið í lágmarki við framkvæmdir í öllum vatnsföllum sem þvera þarf.

Skipulagsstofnun telur að óhjákvæmilega hafi fyrirhugaðar framkvæmdir í för með einhver neikvæð sjónræn áhrif vegna tímabundins rasks á framkvæmdatíma en með góðum frágangi telur stofnunin að þessi áhrif verði ekki til langframa. Þá er ljóst að allmikið gróðurlendi mun raskast en ekki verða sjaldgæfum tegundum eða tegundum á valista raskað. Eðli málsins samkvæmt munu nokkrar fuglategundir glata búsvæðum sínum a.m.k. tímabundið á framkvæmdatíma vegna rasks. Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa nokkur neikvæð áhrif á gróður og fugla á meðan á framkvæmdum stendur og við frágang.

Fyrir liggur að einni fornleif verður raskað, garðslagi við Eyjarkot. Skipulagsstofnun vill taka undir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um að gætt verði fyllstu varúðar þegar grafið verður fyrir pípunni nærri gamla bæjarhólnum í Holti og að samráð verði haft við minjavörð Norðurlands vestra við áframhaldandi undirbúning verksins og framkvæmd þess.

Þá tekur Skipulagsstofnun undir þau áform framkvæmdaraðila að samráð verði haft við Umhverfisstofnun og einnig Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra varðandi hvort að ástæða sé til að fjarlægja núverandi heitavatnspípu úr asbesti, hvaða aðferð væri öruggust til þess að koma í veg fyrir að asbestagnir geti dreifst í einhverju magni út í umhverfið og hvað eigi að gera við lögnina verði hún fjarlægð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu RARIK við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagningu heitavatnspípu frá frá núverandi virkjunarsvæði RARIK á Reykjum í Húnavatnshreppi um Blönduós til Skagastrandar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdir við heitavatnspípu og dreifikerfi eru háðar framkvæmdaleyfi Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Þá er bygging stjórnhúss og dælustöðva háð byggingarleyfi sömu aðila skv. lögum um mannvirki nr. 160 /2010. Leyfi Fiskistofu þarf vegna framkvæmda í og við veiðiár skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og og silungsveiði. Þá þarf leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins skv. reglugerðum í tengslum við meðhöndlun og förgun asbests nr. 430/2007 og 705/2009.

Fyrir liggur staðfest Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010-2022 og staðfest Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030. Þá liggja fyrir samþykktar Aðalskipulagsáætlanir Blönduósbæjar 2010-2030 og Húnavatnshrepps 2010-2030 sem bíða staðfestingar umhverfisráðherra. Framkvæmdirnar eru í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar og er unnt að gefa út framkvæmdaleyfi/byggingarleyfi á grundvelli þess, ef þar er nægjanlega vel gerð grein fyrir framkvæmdinni í aðalskipulaginu, ef ekki þarf að sækja um meðmæli á grundvelli 1. tl.. Áður en framkvæmdaleyfi eru veitt fyrir heitavatnspípunni í Skagabyggð þarf að gera breytingu á Aðalskipulagi Skagabyggðar vegna legu heitavatnsæðar yfir Laxá í Refasveit. Unnt er að sækja um meðmæli með útgáfu framkvæmdaleyfis/byggingarleyfis á grundvelli 1. töluliðar ákvæða til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010 vegna framkvæmda í Húnavatnshreppi og Blönduósbæ utan þéttbýlis. Innan þéttbýlis getur þurft að gera nýtt deiliskipulag eða grenndarkynna framkvæmdaleyfisumsóknina. Gæta þarf þess að ef lögnin liggur í gegnum svæði þar sem í gildi er deiliskipulag getur þurft að breyta því.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að RARIK og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 4. maí 2012.

Jakob Gunnarsson

Þóroddur F. Þóroddsson

